

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Vopnafirði árið 2012.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Vopnafirði sbr. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010 skal vera 12.000 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Vopnafirði sbr. 12. gr. samþykktar nr. 705/2010 skal vera 7.200 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, handsömun, vörslu og skilum dýranna eða aflifun.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald skv. samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði:

fyrir fyrsta skipti, sem dýrið er fangað	kr. 15.000
fyrir annað skipti	kr. 20.000
fyrir þriðja skipti	kr. 25.000

Að auki skal greiða kr. 3.000 fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu. Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunar-kostnað.

5. gr.

Með vísan til 12. gr. í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald nr. 705/2010 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin tekur gildi 1. febrúar 2012.

Samþykkt í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps, 5. desember 2011.

Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri.